

FUNDARGERÐ

127. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 1. sept. 2009 kl. 12⁰⁰ – 14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG) Ögmundur Einarsson (ÖE)
Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. Már Karlsson (MK), fundarritari.

1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð síðasta fundar (126. fundar). Misritast hafði að SÖG hafi verið fjarverandi. Allir stjórnarmenn voru mættir á fundinum.

2. Rekstur fyrstu sex mánuði ársins

ÓK gerði grein fyrir því að heildartekjur fyrstu fjóra mánuði ársins 2008 voru 294 mkr. en 208 mkr. nú, árið 2009. Hliðstætt voru gjöld árið 2008 355 m.kr. en 379 m.kr. í ár.

3. Endurskoðun rekstraráætlunar

Engar breytingar hafa verið gerðar á upphæð úrvinnslugjalds frá því í ársbyrjun 2008. Augljóst er að um næstu áramót þarf að hækka úrvinnslugjald verulega í mörgum vörflokkum.

Varðandi olíu er Úrvinnslusjóður í þröngri stöðu. Bréf var sent umhverfisráðuneytinu í maí 2008 þar sem vakin var athygli á því að botn þyrfti að komast í kröfur Samkeppnistofnunar um framkvæmd í þeim vörflokki.

Stjórnin telur rétt að þar sem mestar hækkunir þurfa að verða komi hækkunir til í áföngum á næstu 2-3 árum. Einnig að leitað verði leiða til mögulegrar lækkunar útgjalda, svo sem lækkunar einingarverðs til þjónustuaðila sjóðsins.

4. Samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnarinnar — Umhverfi og auðlindir

Í yfirlýsingunni kemur m.a. fram að ætlunin er að endurskoða lög og reglur um sorphirðu og endurvinnslu með þarfir almennings og umhverfis að leiðarljósi, svo markmið um minni urðun og meiri endurvinnslu náist. Ráðuneytið hefur boðað forstöðumenn Umhverfisstofnunar og Úrvinnslusjóðs til fundar þann 10. þ.m. til umræðna um samstarfsyfirlýsinguna.

5. Skilgjald á einnota drykkjarvöruumbúðir

Er í höndum ráðuneytis að sögn BS.

Frekari umræðum frestað.

6. Stofnanauppbygging umhverfisráðuneytisins

ÓK upplýsti að ráðherra hefði boðað til fundar um stofnanauppbyggingun þann 25. þ.m.

7. Fundir haustsins

Lögð var fram áætlun um fundi Úrvinnslusjóðs á þriggja vikna fresti frá 1. sept. til áramóta og að ársfundur verði 24. þ.m.

Ekki athugasemdir við fundaáætlunina.

8. Önnur mál

Engin.

Næsti fundur áformaður [þriðjudaginn 22.. sept. kl. 12:00](#) á skrifstofu Úrvinnslusjóðs.

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs